

Auk aðflutningsgjalda sem tilgreind eru í fylgiskjali þessu skal greiða 24,5% virðisaukaskatt samkvæmt lögum nr. 55/1989, virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með tolli og vörugjaldi samkvæmt fylgiskjali þessu er átt við skatta sem greiða ber samkvæmt tollalögum nr. 55/1987 og lögum nr. 97/1987 um vörugjald með síðari breytingum.

**Friðrik Sophusson.**

*Indriði H. Þorláksson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð  
sláturafurða, sbr. breytingar með rg. nr. 434/1988 og 364/1990.**

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef selja á afurðir skal slátrun búfjár (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) fara fram í sláturhúsi, sem hlotið hefur löggildingu landbúnaðarráðuneytisins. Einungis ábúendum á lögbylum utan kaupstaða og kauptúna er heimilt að sláttra hæfilegum fjölda af eigin búfé heima á lögbylinu, enda séu afurðirnar eingöngu ætlaðar til eigin neyslu. Óheimilt er að selja sláturafurðirnar eða dreifa þeim á annan hátt frá lögbylinu, s.s. til gjafa, vinnslu söltunar eða frystingar.

### 2. gr.

Við b-lið 1. mgr. 17. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Leyfilegt frávik á ofangreindum fitumörkum er  $\pm 1$  mm eftir vöðvabyggingu og fitudreifingu skrokksins, samkvæmt nánari fyrirmælum kjötmatsformanns.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1992.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 205/1967 um útbúnað sláturhúsa,  
kjötfrystihúsa, kjötverkunarstöðva og meðferð og flutning sláturafurða.**

### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi: